

## 94. héraðsþing UMSK – Þinggerð

94. ársþing UMSK var haldið þriðjudaginn 13. febrúar 2018 kl. 18.00 í Golfskála GKG í Garðabæ.

### 1. Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

Ágætu þingfulltrúar. Velkomin á 94. ársþing UMSK.

Fjöldi félagsmanna innan sambandsins hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og telja nú 76.839. Aðildarfélögin eru 48, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 47 deildir þannig að samtals eru þetta 95 einingar innan sambandsins. Iðkendur hefur fjölgað um 5% á milli ára og eru nú 33.092 og skiptast jafnt á milli kynja. UMSK á langa og farsæla 95 ára sögu að baki og er í dag sterkt og öflugt samband sem státar af virkum og góðum félögum sem hafa lagt á sig mikla vinnu til að standa vörð um félagsauðinn. Í gegnum tíðina hefur stjórn UMSK lagt sig fram um að bæta, gæta aðhalds og útsjónarsemi. Framtíð félagssambandsins og aðildarfélaganna er björt en við megum hvergi slaka á í starfi okkar til að glata ekki þeim stöðugleika sem við búum við. Afgangur var á rekstri UMSK á síðasta ári og ákvað stjórnin að láta eina milljón króna af hagnaði renna til afrekssjóðs og þrjár milljónir í fræðslusjóð. Úr fræðslusjóði geta m.a. þjálfarar aðildarfélaganna fengið styrki til sækja sér aukna menntun erlendis. Það er nauðsynlegt fyrir þjálfara, eins og aðra, að eiga kost á aðstoð til að viðhalda sinni menntun og endurnýja áhugann. Á síðustu árum hafa 14 þjálfarar sótt í þennan sjóð og viljum við hvetja aðildarfélögin til að vekja athygli þeirra áfram á sjóðnum. Við höfum ekki farið varhluta af #MeToo# áttakinu. Það er nauðsynlegt að íþrótt- og æskulýðshreyfingin stilli saman strengi sína og samræmi reglur og viðbragðsáætlanir þannig að allir séu á sömu línu. Þessi mál þarf að taka föstum tókum innan íþróttahreyfingarinnar og mun UMSK leggja sitt af mörkum í þeim efnum. Það er rétt að geta þess að fyrir 10 árum síðan þá vann UMSK, í samvinnu við HK, að útgáfu siðareglna fyrir aðildarfélögin. Þessar reglur hafa dreifst víða og margir tvinna þæri inn í þjálfarasamninga til að skýra samskiptareglur og til að hægt sé að bregðast hratt við brotum. Auk siðareglna UMSK þá er til efni bæði hjá ÍSÍ og UMFÍ sem og rétt að vekja athygli á „æskulýðsvettvanginum“. Hann var stofnaður árið 2012 og býður m.a. upp á aðstoð fyrir þá sem hafa lent í einelti eða kynferðislegri áreynni. Við fáum kynningu hér á fundinum á eftir, hvernig þau geta aðstoðað okkur varðandi mál sem upp kunna að koma.

Ágætu þingfulltrúar, ég við að lokum þakka stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögum fyrir frábært starf og samstarf á árinu með ósk um áframhaldi á því okkur öllum til heilla.

### 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Önnu Möller.

Tillaga um þingforseta samþykkt.

### 3. Kosning þingritara

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um þingritara, Margréti Björnsdóttur, ritara stjórnar UMSK.

Tillaga um þingritara samþykkt.

Þingforseti kvað þingið rétt boðað eða samkvæmt 5. gr. laga UMSK.

Engar athugasemdir.

### 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þau Magnús Jakobsson, Breiðabliki sem formann, Þórdísi Guðrúnu Bjarnadóttur, Íþróttafélaginu Glóð og Báru Einarsdóttur, Skotíþróttafélagi Kópavogs.

Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt. Voru þau beðin að taka til starfa.

## 5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður rakti helstu viðburði í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári UMSK.

Ársskýrslan og reikningar UMSK 2017 liggja á borðum hjá þingfulltrúum og gátu þingfulltrúar fylgst með yfirferð formanns. Vísað í ársskýrsluna til frekari upplýsinga.

Rétt er þó að geta þess sérstaklega að sambandið hefur fest kaup á búnaði til að stunda tvíþraut (biathlon). Tvíþraut eða „summer biathlon“ er grein sem hefur verið að ryðja sér til rúms og notið mikilla vinsælda erlendis. Íþróttin er eins og skíðaskotfimi nema í staðinn fyrir að ganga á skíðum þá er hlaupið eða hjólað.

Einnig var flutt inn önnur grein frá Danmörku sem heitir Krolf en það er blanda af kriketi og golfi. Sambandið festi einnig kaup á búnaði til að stunda þá íþrótt. Við munum kynna þessar nýju greinar í sumar.

### Stefnumótunarvinna UMSK 2014-2018.

Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri fór yfir sefnumótunarvinnu sem fór fram árið 2014 innan UMSK sem stóð yfir frá 2014-2018. Lögð var áhersla á að þjóna félögum í hreyfingunni.

Stefnumótunarvinnan hjálpaði að færa okkur upp á við.

Árið 2014 ákvað stjórn UMSK að fara í stefnumótun. UMSK eru gömul samtök, voru stofnuð árið 1922 og það hefur margt breyst síðan þá. Hlutverk UMSK, eins og margra annara héraðssamtaka, var orðið mjög óljóst um það hverju þau ættu að sinna. Ákveðið var að fá KPMG í lið með okkur og reyna að taka stefnuna fyrir sambandið til næstu ára. Út úr þessu kom stefnumótunarskjal sem flest ykkar hafa séð. Þau sem hafa komið á skrifstofu UMSK hafa séð plagöt hangandi uppi á vegg sem sýna þessa stefnumótun en hún byggist upp á fjórum þáttum. Við höfum verið að fara í gegnum þessa stefnumótunarvinnu núna undanfarið og okkur sýnist að við séum búin að vinna að öllum atriðum en sumt erum við búin að gera vel en annað höfum við aðeins kroppað í en við höfum snert alla þessa þætti. Það eru fjórir meginþættir sem stefnan byggir á:

1. Samstarf og stuðningur
2. Fræðsla og kynning
3. Íþróttastarf
4. Fjármögnun

Við höfum lagt mikla áherslu á þessum tíma á fræðslumál. Fórum út í stórt verkefni sem heitir „Sýnum karakter“. Við höfum lagt aukna fjármuni í fræðslumálin, boðið félögum okkar upp á námskeið. Einnig geta félögin sótt um styrki til okkar til þess að halda eigin námskeið. Síðan hefur einnig verið lögð nokkur áhersla á að efla samstarf félaganna og tengingu félaganna á milli, við höldum að það komi til með að hjálpa okkur mikið þar sem fólk getur leitað í reynslugrunn hvers annars. Það sem við erum að fara að gera núna, þar sem stefnan var frá 2014-2018, er að taka stöðuna upp á nýtt með nýrri stjórn, aðeins að skerpa á stefnunni, erum við á réttri leið eða erum við að fara eitthvað annað. Við komum eflaust til með að leita til ykkar eftir samvinnu og ykkar hugmyndum. Sambandið á að vera eins og við viljum hafa það, við erum að nýta það fyrir okkur, ekki að vinna eins og hefur verið gert, eigum að setjast yfir það og spyrja okkur; Hvernig getum við nýtt sambandið best fyrir okkur. Það er það sem verður skoðað nú á næstunni. Ef við horfum á þessi fjögur ár sem liðin eru þá sjáum við að sambandið hefur færst upp á við. Það sést t.d. á heimsóknum á skrifstofuna, það er miklu meira líf þar en áður var, miklu fleiri sem koma að heimsækja skrifstofuna en áður, fleiri sem hringja og fleiri sem spyrja ráða enda hefur verið lögð nokkur áhersla á það að við erum að þjónusta félögin. Þess vegna hvetur Valdimar framkvæmdastjóri til þess að leita til hans en hann er eini starfsmaður UMSK. Þessi stefnumótunarvinna hefur hjálpað sambandinu til þess að færa það áfram og vonandi verða næstu skref til þess að færa það ennþá lengra uppávið.

## 6. Endurskoðaðir reikningar ársins 2017 lagðir fram

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK fór yfir endurskoðan ársreikning sambandsins. Ársreikningurinn er á bls 50 í ársskýrslunni. Ársreikningurinn er áritaður af þingkjörnum skoðunarmönnum án athugasemda. Að öðru leyti eru fjármálin almennt séð í góðu standi, þetta er stöndugt félag og reksturinn er í góðu jafnvægi, eins og þessi reikningur sýnir. Milli ára aukast tekjur um 4% og ef við horfum á þetta frá þessum 94,785.503 milljónum sem eru rekstrartekjur ársins þá eru rétt rúmar 81 milljón sem koma í gegnum Lottó sem segir okkur hversu gríðarlega mikilvægur stofn lottótekjurnar eru. Rekstrargjöld hækka um 3,5% milli ára, eru nú 90.988.440 á móti 87.744.464 árið áður, þannig að rekstrarniðurstaðan fyrir 2017 er hagnaður upp á 4.526.234 á móti 3.659.613 árið áður. Ef við skoðum eignamegin þá vek ég athygli á því fyrir þá sem ekki vita að þetta sumarhús sem er bókfært á 30.000 krónur er brunatryggt fyrir um 30.000 krónur, það stendur í Þrastarskógi. Það er ekki íbúðarhæft en engu að síður er það enn í reikningum félagsins og búið að vera lengi.

Það eru engar langtímaskuldir á héraðssambandinu heldur eðlilegar skammtímaskuldir sem tilheyra rekstri þess. Síðan eru ítarlegar sundurliðanir, skýringar þar sem er hægt að finna svör við flestum þeim spurningum sem þið kunið að hafa.

Fundarstjóri tók nú til máls og tilkynnti að umræður um sýrslu stjórnar og reikninga munu bíða þangað til eftir hlé. Engin athugasemdir voru um þá ákvörðun.

## 7. Ávörp gesta

### 1. Hafsteinn Pálsson, ÍSÍ.

Hann flutti þinginu kveðjur frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki en forseti og framkvæmdastjóri eru stödd úti í Kóreu á vetrarólympíuleikunum, það er það sem ber hæst í augnablikinu í starfinu. Umræðan sem formaður kom inn á, #MeToo# umræðan, er eitt af þeim alvarlegu málum sem er mikið til umfjöllunar hjá ÍSÍ. Það hefur verið farið ofan í þau mál og er verið að skoða allt það fræðslufni sem búið var að taka saman og jafnframt að skoða hverju þarf að bæta við. Það er meira fræðslufni væntanlegt og ef þið þekkið þetta efni ekki nú þegar þá endilega að kynna ykkur það. Flest félög hafa tekið þetta til skoðunar og eru að fara yfir sína verkferla, siðareglur og allt það sem við á í þessu samhengi. Þetta er eitthvað sem ber að taka af mikilli alvöru og við þurfum í sameiningu að vinna gegn því að svonalagað haldi áfram eins og þessar frásagnir eru sem hafa komið fram í dagsljósið. Við þurfum að átta okkur á því að þær eru örugglega margar sögurnar sem hafa ekki litið dagsins ljós.

Að öðru – Lífshlaupið er í fullum gangi og vonandi nýta sem flestir sér það til þess að efla sína hreyfingu og sinna nánustu og samstarfsfélaga. Það eru verkefni „Hjólað í vinnuna“ í vor og „Kvennahlaupið“ verður fyrstu helgina í júní. Það er annars allt gott að fréttu hjá ÍSÍ og við þökkum kærlega fyrir gott samstarf við UMSK og öflugt starf allra félaganna á svæðinu sem og UMSK. Fyrir það ber að þakka.

Framkvæmdastjórn hefur falið mér að vinna hér embættisverk sem mér er mjög ánægjulegt. Það er að veita tveimur einstaklingum viðurkenningar:

**Ellen Dröfn Björnsdóttir, Dansíþróttafélagi Kópavogs og Ólafur Már Hreinsson, Dansíþróttafélagi HK. Hafsteinn sæmdi þau silfurmerki ÍSÍ.**

Að lokum sagði Hafsteinn, það er von mín að þingið verði starfsamt og árangursríkt, að starfið í héraði verði öflugt og árangursríkt sem aldrei fyrr. Áfram UMSK!

### 2. Jóhann Steinar Ingimundarson, UMFÍ

Það er mér einkar ánægjulegt að fá að vera hér í dag að sinna embættisverkum fyrir UMFÍ enda eru þetta heimahagarnir og frábært að vera í þessari glæsilegu aðstöðu sem GKG hefur hér til umráða.

Ég flyt ykkur kveðju frá stjórn og starfsfólki UMFÍ en starfið þar hefur verið gríðarlega mikið og það er í raun og veru ekki langt síðan að hér hittumst við öll á sambandsráðsfundi til að tala um málefni okkar núna sem snúa að mögulegri inngöngu íþróttabandalaga inn í ungmennafélagshreyfinguna. Framundan er líka, má segja ný útgáfa að Landsmóti og það hefur verið mjög gaman að fylgjast með kraftinum sem hefur verið í undirbúningi þess og ég hvet ykkur til þess að sjá þær auglýsingar sem fylgja þessu, því það eru ýmis orð notuð þar sem að fékk allavega mig til að brosa út í annað. Það má líka segja að UMSK hafi komið af miklum krafti inn í ungmennafélagshreyfinguna síðustu misseri og erum við nokkur hér sem sitjum má segja alls staðar við borðið. Fulltrúar UMSK fóru líka í ferð sem að UMFÍ skipulagði til Danmerkur til að kynna sér starfsemina sem er þar og vonandi kemur eitthvað upp úr pokunum sem voru í þeirri ferð. Við höfum séð það í umsóknum að umsóknir frá UMSK hafa aukist verulega í sjóði UMFÍ og talsvert mikil aukning hefur orðið á útgreiðslum inn til félaga í röðum okkar. En eins og Hafsteinn sagði hér áðan að þá er ánægjulegast þegar maður fær svona sérstök embættisverk að sinna því að baki þeirra það er ótrúlegt starf sem að við öll þekkjum sem þessir aðilar hafa lagt að mörkum og stjórn UMFÍ hefur ákveðið að veita tveimur einstaklingum viðurkenningar:

### **Starfsmerki UMFÍ**

#### ***Margrét Björnsdóttir, Siglingafélaginu Ými***

Margrét hefur lengi átt aðkomu að íþrotta- og ungmennastarfi. Hún var ein af stofnfélögum körfuknattleiksdeildar kvenna hjá Breiðabliki. Hún hefur tekið þátt í starfi Siglingafélagsins Ýmis allt frá stofnun, allt frá fyrstu árum félagsins og var driffjöður og hugmyndasmiður í uppbyggingu núverandi félagsaðstöðu í Kópavogi, var formaður bygginganefndar hússins og bryggju. Margrét hefur setið þar í stjórn í mörg ár og var formaður í nokkur ár. Í dag er Margrét formaður Íþróttafélagsins Glóðar. Margrét hefur setið í stjórn UMSK í 14 ár og lengst af sem ritari sambandsins. Umhverfismálin eru Margréti hugleikin og lagði hún þeim málaflokki lið innan UMFÍ sem formaður umhverfisnefndar sambandsins um árabil. Margrét hefur komið víða við, lætur verkin tala og á sannarlega skilið að hljóta starfsmerki UMFÍ.

#### ***Helga Jóhannesdóttir, Aftureldingu***

Helga hefur setið í stjórn Aftureldingar til fjölda ára og lengst af sem gjaldkeri félagsins. Helga hefur einnig verið í varastjórn UMSK sl. 4 ár. Þá hefur hún setið í stjórn UMFÍ í 4 ár og m.a. sem gjaldkeri samtakanna. Hún hefur tekið þátt í störfum ungmennafélagshreyfingarinnar á öllum stigum. Helga er nákvæmnismanneskja fram í fingurgóma og sér oftast en ekki báðar hliðar á sama viðfangsefninu. Þá er hún óhrædd við að spyrja gagnrýnna spurninga með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi og er verðugur fulltrúi ungmennafélagshreyfingarinnar.

*Jóhann sæmði þær starfsmerki UMFÍ.*

### **3. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæðastjóri UMFÍ**

Ég hef verið beðin um að kynna aðeins fyrir ykkur æskulýðsvettvanginn svo ætla ég að nýta tækifærið og kynna annað í leiðinni. En fyrst að æskulýðsvettvanginum. Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur fjögurra félagasamtaka sem eru Ungmennafélag Íslands, Bandalag Íslenskra skáta, Slysavarnarfélagið Landsbjörg og KFUM og KFUK. Þarna inni eru mál sem snúa að hagsmunum og velferð barna. Það hefur að undanförunni verið mikið unnið í tengslum við þessa #MeToo# byltingu. Það sem við erum að gera núna það er í fyrsta lagi verið að kanna umfang innan hreyfingarinnar, í öðru lagi er verið að birta hvaða verkfæri við höfum í dag sem hægt er að nýta og eru til staðar og hins vegar er verið að leyta svara við því hvernig við viljum hafa hlutina í framtíðinni. Það hefur ýmislegt komið upp á borðið og ég vil að ef þið eruð með einhverjar góðar hugmyndir að því hvernig við viljum hafa þetta í framtíðinni, þá megið þið endilega koma þeim skilaboðum áfram. En í stuttu máli eru til taks í dag siðareglur, það er til viðbragðsáætlun upp á 30 blaðsíður við hinum ýmsu upptökum. Þá eru námskeið, námskeiðið „Verndum þau“ sem fjalla um þessi málefni og

síðast en ekki síst er fagráð sem er skipað bæði sálfræðingi og lögfræðingi, utanaðkomandi aðili sem getur verið ykkur til aðstoðar, hvernig ber að bregðast við. Svo eru ný verkefni í pípunum en við erum svolítið að halda aftur af okkur, vegna þess að við bindum gífurlega miklar vonir við stýrihópinn sem Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað varðandi þessi mál. Þannig að við beinum eiginlega öllu þangað í augnablikinu en við erum annars tilbúin þegar því starfi er lokið, að þá getum við sett ýmislegt annað í gang. Þá ætla ég að loka þeim kafla og opna þennan kafla.

Þetta er nýi kaflinn sem er niðurstaðan af ferðinni til Danmerkur sem mörg ykkar fóru í sl. ár. Það var stór hópur frá UMSK sem fór á landsmótið í Danmörku og ég veit að það var góð ferð því að ég hef séð samskiptin ykkar á milli eftir ferðina. Það eru mjög mikil og aukin samskipti á milli ykkar aðildarfélaganna í UMSK. Hér er ég með nýjan bækling sem auglýsir Landsmótið á Sauðárkróki 12.-15. júlí. Í sumar. Það er fullt af fólki hérna inni sem er í þessum bæklingi nú þegar í dag. Þannig að ég ætla að dreifa bæklingnum á borðin hjá ykkur. Þetta er tónn með áherslum á íþróttum á breiðum vettvangi. Auðvitað er afreksfólk velkomið en það eru allir velkomnir á Landsmótið. Þarna getið þið keppt í íþróttum, þið getið prófað íþróttir, þið getið fengið kennslu í íþróttum eða bara leikið ykkur í íþróttum. Og svo er líka hægt að skemmta sér. Og saman er þetta tekið í þá setningu að hér eru íþróttir í aðalhlutverki á daginn og skemmtun á kvöldin.

**Hér var tekið 30 mín. þinghlé og fundarmönnum boðnar veitingar.**

**Viðurkenningar á 94. ársþingi UMSK:**

Afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþróttar- og félagsmála fór fram í hléi. Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK og Lárus B. Lárusson, í stjórn UMSK afhentu viðurkenningar.

***Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.***

***Félagsmálaskjöldur – Gunnar Ingi Björnsson, Golfklúbbi Mosfellsbæjar***

1. apríl 2016 var tekin fyrsta skóflustunga að íþróttamiðstöð Golfklúbbs Mosfellsbæjar. 14 mánuðum síðar eða um miðjan júní 2017 var húsnæðið tekið í notkun. Það má segja að hér hafi verið unnið þrekvirki sem margir félagsmenn GM komu að. Að öllum öðrum ólöstuðum má með sanni segja að Gunnar Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri GM hafi leitt verkið og haldið því gangandi með elju sinni, óþrjótandi vilja og krafti. Gunnar gerði það að verkum að við náðum að reisa þetta glæsilega mannvirki á svona stuttum tíma. Gunnar á allan heiður skilið.

***Afhending viðurkenninga:***

***Gullmerki UMSK:***

***Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.***

***Eftirtaldir aðilar hljóta gullmerki UMSK:***

***Páll Grétarsson, Stjórnunni***

Hann hefur starfað sem starfsmaður og sjálfbóðaliði fyrir Stjórnuna með hléum síðan 1989 eða í hartnær 30 ár. Hann var framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Stjórnunnar árið 1992-1995 og framkvæmdastjóri aðalstjórnar Stjórnunnar frá 1995-1997 og svo aftur frá 2004-2014 eða í 10 ár. Frá 2014 hefur Páll verið fjármálastjóri Stjórnunnar.

Páll hefur ekki einungis komið að trúnaðarstörfum og sjálfbóðaliðastörfum fyrir Stjórnuna. Hann var jafnframt forystumaður og stjórnarmaður í Skíðadeild Breiðabliks í meira en 10 ár og formaður deildarinnar um árabil. Þá sat hann í stjórn skíðasambands Íslands með hléum í rúma tvo áratugi,

síðustu þrjú árin sem formaður sambandsins. Auk þess var Páll fulltrúi Garðabæjar í stjórn skíðasvæða Höfuðborgarsvæðisins um árabíl.

Páll hefur ávallt verið virkur í störfum fyrir UMSK og tekið virkan þátt í þingum þess. Jafnframt hefur hann verið fulltrúi UMSK á þingum bæði hjá UMFÍ og ÍSÍ.

Páll hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín;  
Starfsmerki UMFÍ 2016.  
Gullmerki Ungmennafélsgs Stjórnunnar 2014.  
Heiðursviðurkenningu Íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar fyrir störf að íþróttamálum 2013.  
Gullmerki ÍSÍ 2012.  
Silfurmerki UMSK 2012.  
Silfurmerki KSÍ 2008.  
Starfsmerki Ungmennafélags Stjórnunnar 2006.  
Gullmerki SKÍ 2006.  
Silfurmerki ÍSÍ 2006.  
Silfurmerki SKÍ 2003.  
Silfurblíki, viðurkenning fyrir störf í þágu Breiðabliks 1998.  
Starfsmerki UMSK 1998.

### ***Snorri Olsen, Stjórnunni***

Hann hefur um langt árabíl unnið ómetanleg starf fyrir Stjórnuna og þar með íþróttta- og æskulýðsstarfið í Garðabæ.

Snorri á djúpar rætur í starfi Stjórnunnar. Hann byrjaði eins og margir á því að fylgja dætrum sínum eftir í íþróttaiðkun. Mótahald og yngri flokka handboltans var ofaralega á dagskrá um árabíl. Snorri tók sæti í varastjórn Stjórnunnar á aðalfundi í apríl 1994 og sat í stjórn félagsins í 17 ár, lengst af sem varaformaður og formaður en hann var kosinn formaður félagsins á aðalfundi í september 2002. Snorri var formaður Ungmennafélags Stjórnunnar í hartnær 9 ár, lengur en nokkur annar í sögu félagsins.

Snorri er einlægur stuðningsmaður Stjórnunnar og er manna duglegastur að mæta á leiki meistaraflokka félagsins.

Þá sat Snorri í áfrýjunardómstól ÍSÍ um árabíl.

Snorri hefur ávallt verið virkur í störfum fyrir UMSK og tekið þátt í þingum þess. Jafnframt hefur hann verið fulltrúi UMSK á þingum hjá bæði UMFÍ og ÍSÍ, átt sæti í laganefndum þinganna og oftast sem formaður.

Snorra hafa hlotnast margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín fyrir íþróttahreyfinguna;  
Gullmerki Stjórnunnar 2008.  
Félagsmálaskjöld Stjórnunnar 2011.  
Starfsmerki UMSK 2005.  
Félagsmálaskjöld UMSK 2008.  
Silfurmerki UMSK 2011.  
Gullmerki ÍSÍ 2011.  
Snorri var gerður að heiðursfélaga Ungmennafélags Stjórnunnar á aðalfundi félagsins 2015.

*Lárus sæmdi þá gullmerki UMSK.*

### ***Afreksbikarar UMSK:***

***Viðurkenning til afreksmanna á sviðum íþróttta- og félagsmála.***

***Eftirtaldir aðilar hljóta afreksbikar UMSK:***

### **1. Dansbikar UMSK – Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir HK**

Gylfi og María eru 15 ára og áttu einstaklega gott ár 2017. Þau stóðu sig einstaklega vel með því að sigra allar keppnir sem voru haldnar og stóðu einnig mjög vel erlendis. Þau eru meðlimir í A landsliði Íslands ásamt því að vera dugleg að ná góðum árangri í sinni íþrótt og eru þau góðar fyrirmyndir yngri dansara og bera sig vel hvar sem þau koma og eru dansinum góðir fulltrúar. Árið 2017 unnu þau til mikilla afreka og má þá helst nefna Evrópubikarmeistari í ballroom dönsum og í 10 dönsum. Norðurlandameistari í ballroom dönsum og latin dönsum, Íslandsmeistari í ballroom dönsum og latin dönsum og 10 dönsum. Bikarmeistari í ballroom dönsum og latin dönsum, UMSK meistari í ballroom og latin dönsum, Lottómeistari í ballroom dönsum, latin dönsum og Lottómeistari í meistaraflokki.

### **2. Fimleikabikar UMSK – Andrea Sif Pétursdóttir, Stjörnunni**

Andrea hefur gegnt stöðu fyrirliða í meistaraflokki Stjörunnar í hópfimleikum kvenna síðustu þrjú ár og á það sæti vel skilið. Hún er metnaðarfull, drífandi, leggur hart að sér og er með skýr markmið. Andrea er sterkur liðsmaður innan salarins sem utan og er mikil fyrirmynd fyrir aðra iðkendur í Stjörnunni og á landinu öllu. Hún hefur mikla ástríðu fyrir fimleikum, sem hefur skilað sér í því að hún hefur verið lykilmáður í landsliðum Íslands í hópfimleikum síðustu ár, hvort sem er á Norðurlandamóti eða Evrópumóti. Andrea varð á árinu Norðurlandameistari, Bikarmeistari og Deildarmeistari með meistaraflokki Stjörunnar í hópfimleikum kvenna. Hún var valin í úrvalslið NM og valin fimleikakona ársins af FSÍ.

### **3. Skíðabikar UMSK – Agla Jóna Sigurðardóttir, Breiðabliki**

Agla er búin að æfa skíði síðan hún var 5 ára.

Hún hefur frá upphafi verið með um 98% mætingu og yfir 100 daga á ári.

Á síðasta ári var hún erlendis vegna æfinga um 35 daga frá Verslunarskóla Íslands.

Hún náði fínunum árangri og endaði í 3 sæti í bikarstigum á landsvísu í sínum flokki.

Agla er til fyrirmyndar fyrir yngri krakka og í framkomu.

### **4. Sundbikar UMSK – Bryndís Bolladóttir, Breiðabliki**

Bryndís æfir sund með sunddeild Breiðabliks. Hún var sexfaldur Íslandsmeistari árið 2017 synti fyrir íslandshönd á Norðurlandameistaramótinu og nældi sér í brons í 100 m skriðsundi. Hún er frábær fyrirmynd og flottur íþróttamaður.

### **5. Frjálsíþróttabikar UMSK – Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki**

Sindri Hrafn náði sínu lengsta kasti á árinu í Bandaríkjunum í maí er hann kastaði spjótinu 77,19 metra og sigraði á mótinu. Þetta kast skipar honum í 10. sæti í Evrópu í hans aldursflokki (U23). Þetta var jafnframt lengsta kast Íslendinga á árinu sem tryggði honum rétt til þátttöku á Evrópumeistaramóti U23. Þar komst hann í úrslitakeppnina en hafnaði í 9. sæti með kasti upp á 74,42 m. en vegna alvarlegra meiðsla og skurðaðgerðar haustið 2016 þurfti Sindri að fara sparlega með olnbogann allt árið 2017.

Sindri tók meiðslunum sem áskorun og þegar hann loks varð laus meina sinna náði hann frábærum árangri og bætti skólameitið (Utah State University) í spjótkesti sem og mótsmetið á svæðismóti háskólanna (Mountain West Conference). Þá náði hann sjötta sæti á Bandaríska háskólameistaramótinu (NCAA National Championships) á fyrsta ári hans þar.

### **6 UMFÍ bikar – Meistaraflokkur kvenna í hópfimleikum, Stjarnan**

Norðurlandameistarar Stjörunnar í hópfimleikum er lið ársins 2017. Liðið varði á árinu titil sinn sem Norðurlandameistarar í hópfimleikum eftir harða keppni. Þær urðu einnig bikarmeistarar og

deildarmeistarar á árinu og eru því ríkjandi meistarar á þrjá vegu í dag. Slíkur árangur næst ekki nema að baki sé mikil vinna og ástríða fyrir íþróttinni. Liðið er þekkt fyrir mikla samheldni og flottar æfingar, leikgleði og metnað. Stúlkurnar í kvennaliði Stjórnunnar eru miklar fyrirmyndir fyrir aðra iðkendur og eiga heiður skilið fyrir árangur sinn á árinu.

### **Íþróttakarlar UMSK – Aron Dagur Pálsson, Stjórnunni**

Aron Dagur Pálsson er fæddur 1996. Hann hefur æft með Gróttu alla tíð þar til síðasta haust þegar hann færði sig yfir í Stjórnuna í Garðbæ. Aron Dagur er að leika sitt fjórða tímabil sem lykilmaður í meistaraflokki þrátt fyrir ungan aldur og hefur leikið samtals 63 leiki fyrir yngri landslið Íslands og einn A landsleik. Hann var valinn í afrekshóp HSÍ á síðasta ári. Á afrekaskrá Arons eru m.a. bronsverðlaun á HM U19 ára og 7. sæti á EM í Danmörku U20 ára sem er besti árangur Íslands á EM í yngri landsliðum.

### **Íþróttakona UMSK – Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabliki**

Fanndís var lykilleikmaður í meistaraflokksliði Breiðabliks sem hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu í knattspyrnu á liðnu ári. Hún var einn besti leikmaður Íslands á Evrópumeistaramótinu í Hollandi síðast liðið sumar. Þar lék hún alla 3 leiki liðsins í byrjunarliði og skoraði eina mark Íslands á EM. Fanndís átti einnig framúrskarandi leik með landsliði Íslands sem vann Ólympíumeistara Þjóðverja í undankeppni HM í sumar, þetta var fyrsti ósigur Þjóðverja í undankeppni HM í 20 ár. Í ágúst gekk Fanndís svo til liðs við Marseille, eitt af toppliðum frönsku úrvalsdeildarinnar.

## **Eftir Þinghlé**

### **8. Álit kjörbréfanefndar**

Formaður kjörbréfanefndar, Magnús Jakobsson las upp kjörbréf aðildarfélaga. Það voru 13 félög sem lögðu fram kjörbréf og þá hafa 80 þingfulltrúar seturétt. Mættir voru og 57 fulltrúar. Á þinginu hafa 50 félög seturétt eða alls 173 fulltrúar. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

### **9. Staðfesting á aðild nýrra félaga**

Þessi liður fellur niður þar sem ekkert nýtt félag var stofnað á árinu.

### **10. Umræður um skýrslu stjórnar**

Þingforseti opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar Enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóma.

### **11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga**

Þingforseti opnaði fyrir umræður um ársreikning. Enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar ársreikning 2016 undir atkvæði. Hann var samþykktur samhljóma.

### **12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu og einnig uppstillinganefnd sem starfar á milli þinga**

Þingforseti benti á að samkvæmt lögum um dagskrá þingsins að skipað skuli í nefndir til starfa á þinginu. Þingforseti leitaði eftir afbrigðum og bað þingheim um að samþykkja það að hér verði engar nefndir skipaðar heldur afgreiddar tillögur hér í salnum. Einhver sem vill taka til máls um það. Þingforseti óskaði eftir því að þingheimur greiddi atkvæði um það hvort hann samþykki það að það verði ekki starfandi nefndir á þinginu. Það var samþykkt samhljóma.



Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna uppstillinganefnd, sem kosið er nú eftir í fyrsta skipti.

Tillaga um;

Hannes Strange, UBK sem formann,

Hólmfríði Kristjánsdóttur, HK og

Ásu Þorsteinsdóttur, Stjórnunni.

Tillaga um uppstillinganefnd samþykkt.

### Tillögur lagðar fyrir þingið

#### 13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram

#### Tillaga nr. 1

94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2018 – frá stjórn UMSK

94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir 2018:

#### Fjárhagsáætlun 2018

Texti:	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018
<b>Tekjur:</b>			
Íslenskar Getraunir	1.300.000	1.624.187	1.500.000
Lottó ÍSÍ	32.000.000	35.062.703	34.000.000
Lottó UMFÍ	42.000.000	45.885.357	44.000.000
Skattar aðildarfélaga	1.600.000	1.658.460	1.600.000
Útbreiðslustyrkir ÍSÍ	6.500.000	7.728.460	7.500.000
Aðrir styrkir og tekjur	1.500.000	2.826.336	2.500.000
<b>Tekjur samtals</b>	<b>84.900.000</b>	<b>94.785.503</b>	<b>91.100.000</b>
<b>Gjöld:</b>			
Lottó úthlutað til aðildarfélaga	58.000.000	62.368.971	60.000.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	5.500.000	6.666.364	6.000.000
<b>Laun:</b>			
Laun og launatengd gjöld	9.500.000	10.655.473	10.800.000
Áunnið orlof	50.000	138.694	130.000
Ökutækjastyrkir	600.000	600.000	600.000
<b>Kostnaður vegna mótahalds:</b>			
Héraðsmót	1.000.000	700.000	1.500.000
Skólahlaup UMSK	200.000	55.942	500.000
Skólamót í blaki			500.000
Unglingalandsmót	800.000	366.500	500.000
Verðlaun/viðurkenninga	150.000	120.660	150.000
Búningar	200.000	0	200.000
<b>Annar kostnaður:</b>			
Áhöld og búnaður	150.000	352.563	150.000
Aðkeypt þjónusta	250.000	0	250.000

Bókhald, reikningagerð	370.000	276.892	300.000
Burðargjöld	25.000	1.030	10.000
Bækur, tímarit	10.000	2.990	10.000
Ferðakostnaður	150.000	28.640	100.000
Framlög og styrkir til félaga	1.000.000	429.200	500.000
Landsmótssjóður	1.000.000	0	0
Söguritunarsjóður	1.000.000	0	1.500.000
Húsaleiga	600.000	673.608	700.000
Húsnæðiskostnaður annar	25.000	0	25.000
Lögfræðikostnað	50.000	0	50.000
Veitingar, fundakostnaður	400.000	798.478	700.000
Þing og sérráð	1.200.000	1.518.798	1.200.000
Ritföng, pappír, prentun	50.000	45.634	50.000
Sími og net	150.000	163.831	160.000
Tryggingar	25.000	17.742	25.000
Tölvukostnaður	200.000	326.357	200.000
Útgáfa	150.000	0	150.000
Fræðslumál	2.000.000	4.620.073	2.000.000
<b>Samtals</b>	<b>84.805.000</b>	<b>90.928.440</b>	<b>88.960.000</b>

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMSK sem mælti fyrir fjárhagsáætlun 2018.

Við gerð fjárhagsáætlunar voru varfærnisjónarmið höfð í huga. Hér sést raunstaða 2017 svo aftur áætlun 2018. Við verðum að gera ráð fyrir því að tekjur af Lottói dragist aðeins saman. Að öðru leyti eru gjöld með mjög svipuðum hætti og verið hefur. Við áætlum að gjöld verði **89,7 milljónir**, rauntala síðasta árs er **90,1 milljón**. Miðað við þetta er gert ráð fyrir **1.390.000 króna hagnaði** af rekstri sambandssins en við vitum aldrei hvað Lottóið gerir fyrir okkur en það stjórnar því hvernig tekjuhliðin lítur út. Þetta er mjög ítarlega sundurliðað og auðvelt að fara í gegnum. Hann dró fram fræðslumálin en þar eru lagðar 3 milljónir í fræðslumál á síðasta ári en gerð er áætlun um 2 milljónir núna, þannig að það eru verulegir peningar lagðir í þau mál á komandi ári. Hann hvatti sambandsaðila til þess að skoða það hvort það sé ekki möguleikar til þess að sækja í þann sjóð. Fræðsla er jú undirstaða þess að við gerum okkar starf betra bæði þjálfarar og stjórnendur íþróttafélaga.

Guðmundur lagði fjárhagsáætlunina fram.

Þingforseti gaf orðið laust um fjárhagsáætlunina.

Magnús Jakobsson, Breiðabliki tók til máls.

Leggur fram fyrirspurn vegna Landsmótsins.

Ef hann skilur fjárhagsáætlunina rétt þá hefur verið gert ráð fyrir 1 milljón árið 2017 í landsmótssjóð. Rauntalan var 0, það var ekkert landsmót í sumar svoleiðis að það er ekki en það var ekki gert ráð fyrir á fjárhagsáætlun neinum kostnaði við landsmót. Þessi stóra hátíð sem framkvæmdastjóri UMFÍ var að kynna hér áðan og verður vonandi mjög glæsileg á Sauðárkróki. Það er ótrúlegt að stærsta héraðssamband landsins ef það ætlar ekki að leggja neitt til málanna þar fyrir þátttöku sinna félaga. Þetta er fyrirspurn ekki tillaga. Það má t.d. að reyna að lyfta landsmótinu upp að verulegu leyti. Eitt sérsamband ÍSÍ, eins og kemur fram í þessum bæklingi, **Knattspyrnusambandið** er búið að ákveða og semja við UMFÍ um að meistaramót Íslands í frjálsíþróttum verði liður í Landsmótinu á Sauðárkróki.

Valdimar Gunnarsson svaraði fyrirspurn Magnúsar.

Það er svolítið langt síðan að hefur verið haldið landsmót og við vorum búin að leggja á hverju ári í landsmótssjóð. Þannig að það eru talsverðar upphæðir inni í landsmótssjóði nú þegar. Við töldum ekki þörf á að leggja meira inn í hann. Það eru um 5 milljónir í landsmótssjóðnum.

Þingforseti bar Fjárhagsáætlun UMSK fyrir 2018 undir atkvæði.  
Fjárhagsáætlun UMSK 2018 samþykkt samhljóða.

#### **14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.**

Tillögur um laga- og reglugerðarbreytingar, Magnús Gíslason, varaformaður UMSK mælti fyrir þeim og kynnti þær breytingar. Stjórn UMSK hefur ákveðið að gera eftirtaldar breytingar á Afreksmannasjóði UMSK.

Reglugerðir eru lagfærðar af stjórn UMSK og ekki bornar upp til samþykktar heldur til kynningar.

#### **Tillaga nr. 2**

##### **94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018.**

##### **Tillaga um breytingu á reglugerð um Afreksmannasjóð - Frá stjórn UMSK**

##### **94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Afreksmannasjóð:**

#### **Afreksmannasjóður UMSK**

Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK.

#### **Úthlutunarreglur:**

1. Þátttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum og heimsmeistaramótum, innanlands og utan. og ~~Olympíuleikum~~ (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
2. ~~Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega. Umsókn skal berast frá félagi umsækjenda.~~  
(Leggjum til að þjálfarastyrkir verði teknir út úr Afreksmannasjóði og fjármagnaðir af því fé sem sett er til fræðslumála. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda)
3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. ~~Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíu, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.~~
4. Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka fjölda styrkja til sama einstaklings innan sama árs.
5. Stjórn sjóðsins ákveður lágmarksupphæð hverju sinni og eru mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð.
6. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda. Með umsókn skal berast fullnægjandi gögn frá umsækjenda.
7. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.

8. Umsókn um styrk skal hafa borist skrifstofu UMSK eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.

9. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annarri úthlutun.

10. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til íþróttakarls, íþróttakonu og afrekshóps ársins.

### Tillaga nr. 3

**94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018.**

**Tillaga um breytingu á reglugerð um heiðursviðurkenningar - Frá stjórn UMSK**

**94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um heiðursviðurkenningar:**

### Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

#### Laga númer á greinum

##### 1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

##### 2. gr. Viðurkenningar

~~1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin. Dettur út~~

2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem eiga að baki langan og farsælan feril í starfi sínu fyrir UMSK eða aðildarfélög þess. Alla jafna skulu Gullmerkishafar áður hafa hlotið Silfurmerki UMSK fyrir störf sín.

4. Heiðursviðurkenning UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. Afreksbikar UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklinga (*karl og konu*) sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. UMFÍ-bikarinn skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

8. Frjálsíþróttabikar UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

10. Fimleikabíkar UMSK, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári.

11. Dansbíkar UMSK, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skarað hefur fram úr í dansi á liðnu ári.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um laga- og reglugerðarbreytingar.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

#### **15. Aðrar tillögur lagðar fram.**

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK tók til máls undir þessum lið.

Í framhaldi af METOO umræðunni og því sem við sögðum hér áðan, þá hefur stjórn UMSK ákveðið að leggja hér fram tillögu til umræðu og vonandi til samþykktar. Hún hljóðar svo:

#### **Ályktun frá ársþingi UMSK**

Stór hópur íþróttakvenna hefur fellt tjaldið undir formerkjum #MeToo# og greint frá kynbundnu ofbeldi og áreitni gegn sér í heimi íþróttanna. Í yfirlýsingu sem með fylgdi kröfðust konurnar þess að stúlkur og konur fái að iðka íþrótt sína í öruggu umhverfi og.....kynbundið misrétti og kynferðisleg áreitni af öllum toga. Undir yfirlýsinguna skrifuðu 462 konur nafn sitt ásamt því að þeim fylgdu 62 frásagnir. Nú er komið að okkur í aðildarfélagi UMSK að sýna stuðning okkar í verki, við ritum nafn okkar hér að neðan til að sýna að ofbeldi, áreitni og önnur ósæmileg hegðun á ekki að líðast innan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar. Við munum leggja lóð okkar á vogaskálarnar til að svo verði.

Meiningin er sú að fá þá alla þingfulltrúa til að skrifa undir þetta.

#### **Og síðan þá ályktun sem verður þá beint frá ykkur aðildarfélagunum ef svo vill.**

Við ætlum að bregðast við og leggja okkar að mörkum í baráttunni gegn hvers kyns ofbeldi innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Við viljum fyrirbyggja ofbeldi og áreitni innan félaga okkar og munum bregðast við komi slík mál **upp í nánd félagsins**

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK lagði þessar ályktanir fyrir þingið.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um ályktunina.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Ályktunin var lätin ganga um salinn og þingfulltrúar beðnir um að skrifa undir, þeir sem það kusu.

#### **16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.**

Ekkert gert undir þessum lið, því að engar nefndir voru skipaðar á þinginu.

#### **17. Afgreiðsla á álitni nefnda.**

Ekkert gert undir þessum lið.

#### **18. Önnur mál**

Þingforseti gaf orðið laust og spurði hvort væru einhverjar aðrar tillögur sem þingfulltrúar óski eftir að lagðar verði fyrir þingið.

##### **a) Dagný Kristinsdóttir, Aftureldingu bað um orðið**

Hún lagði fram eftirfarandi tillögu/áskorun:

**94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018, samþykkir eftirfarandi áskorun:**

**94. ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. febrúar 2018 skorar á UMFÍ og ÍSÍ að standa sameiginlega að gerð aðgerðaáætlunar fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi og kynna vel fyrir aðildarfélögum og iðkendum.**

Það er mikilvægt að það sé öllum okkar skjólstæðingum ljóst hvert skal leita ef slík mál koma upp. Það er hagur og styrkur íþróttahreyfingarinnar í heild sinni að hafa sömu boðleiðir og sameiginlega stefnu.

Þingforseti þar tillöguna/áskorunina undir atkvæði.  
Tillagan/áskorunin samþykkt samhljóða.

**b) Tillaga að kosningu til stjórnar Afreksmannasjóðs**

**Kosnir fjórir í stjórn Afreksmannasjóðs;**

1. Ása Inga Þorsteinsdóttir, Stjórnunni
2. Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu
3. Óli Þór Júlíusson, HK
4. Sólborg Sunna Sigurðardóttir, Gerplu

Ekki voru fleiri tilnefningar.

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í stjórn Afreksmannasjóðs.

**c) Félög lögð niður skv. 4. grein laga**

Engin félög lögð niður að þessu sinni.

**d) Margrét Björnsdóttir, ritari í stjórn UMSK bað um orðið.**

Ágætu félagar. Langar aðeins að ræða við ykkur undir þessum lið. Það er ekki komið að kosningum til stjórnar og ekki komið fram hverjir verða í stjórn. Ég mun ekki gefa kost á mér áfram í stjórn UMSK en þar hef setið þar í hartnær 14+ ár, er ekki alveg á hreinu hvað árin eru mörg, lengst af sem ritari stjórnar. Mér hefur liðið afskaplega vel með félögum mínum í stjórninni og í raun langar mig ekkert til þess að hætta en maður verður að rýma til fyrir nýju fólki sem vonandi kemur með ferskan blæ, nýjar hugmyndir o.s.frv. Þannig gengur þetta fyrir sig. Mig langar að þakka ykkur, kæru stjórnarmenn og framkvæmdastjóri í stjórn UMSK, fyrir frábær kynni, mjög skemmtilega og góða nærveru og yndislegt samstarf í öll þessi ár. Takk fyrir samveruna.

**19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit. Hannes Strange tók til máls**

**20. Kosning formanns.**

Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu situr áfram (kosinn til tveggja ára á síðasta þingi).

**21. Kosning tveggja stjórnarmanna.**

Í kjöri eru Lárus B. Lárusson, Gróttu og Hanna Clara Jóhannsdóttir HK.

Voru þau kosin einróma. Skoðast þau því rétt kjörin til næstu tveggja ára.

(Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki og Magnús Gíslason, HK sitja áfram, voru kosnir til tveggja ára árið 2017).

**22. Kosning þriggja manna í varastjórn.**

Í kjöri eru Þorsteinn Þorbergsson, Stjórnunni, Theodór Kristjánsson, Golfklúbbi Mosfellsbæjar og Halla Garðarsdóttir, Breiðabliki.

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn til eins árs.

### **23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn.

Til vara voru í kjöri Logi Kristjánsson, Breiðabliki og Ingi Þór Hermannsson, Golfklúbbnum Oddi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir varamenn skoðunarmanna.

### **24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.**

Þar sem ekki verður íþróttaping á árinu 2018 verður ekki kosið til þess á þessu ársþingi.

### **25. Þingslit**

Valdimar Leó Friðriksson, formaður sleit þinginu formlega.

Ágætu félagar, þetta var ljúft, létt og snöggt eins og venjulega. Þeir Páll Grétarsson, Magnús Jakobsson og Hafsteinn Pálsson muna eftir því þegar þingin tóku tvo daga, heila helgi, föstudag og allan liðlangan laugardaginn. En sem betur fer þá styttest nú þingin og verða skilvirkari o.s.frv. Valdimar þakkaði kærlega fyrir þau í stjórninni og þakkaði fyrir góða fundarsetu. Hann þakkaði þingforseta fyrir röggsama og góða stjórn á þinginu og ritara fyrir fundaritun og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Þingi slitið kl. 20:25

Þingritari,  
Margrét Björnsdóttir, ritari í stjórn UMSK